

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

383. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 26.01.2017, kl.07:30.

Mættir:

Halldór Auðar Svansson, Guðmundur Geirdal, Sigrún Edda Jónsdóttir, Sturla Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Hafsteinn Pálsson. Bjarni Torfi Álfþórsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir tilkynntu forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestir undir lið 5 voru Einar Thor Bjarnason og Kristján Einarsson frá Intellecta.

Tekið fyrir:

1. Niðurstaða útboðs á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi.

Tilboð í byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar sem auglýst var á evrópska efnahagssvæðinu voru opnuð þriðjudaginn 23. janúar kl. 11:00. Allst bærust 5 tilboð frá 4 aðilum þar af eitt frávikstilboð. Eftir yfirferð og smávægilegar leiðréttingar eru tilboðin sem hér segir:

Bjóðandi	Tilboðsupphæð með vsk
1. Ístak hf	4.755.558.373,-
2. ÍAV hf.	4.546.478.909,-
3. ÍAV hf. frávikstilboð	4.095.226.313,-
4. Munck Íslandi	4.857.413.614,-
5. Mannverk ehf.	7.493.775.730,-
Kostnaðaráætlun	3.609.380.000,-

Tilboð hafa ekki verið metin með tilliti til tæknilegs og fjárhagslegs hæfis bjóðenda en sú vinna er í gangi. Málinu frestað.

2. Fjármögnun gas- og jarðgerðarstöðvar

Lögð fram niðurstaða fjármálastjóra sveitarfélaganna um hugsanlegar fjármögnunarleiðir. Jafnframt kynntir útreikningar á tillögu fjármálastjóranna og hugsanlegar breytingar vegna hærri tilboða en áætlun gerir ráð fyrir. Málið rætt.

3. Minnisblað Lögmannsstofunnar Mörkin vegna hugsanlegs samstarfs SORPU, Orkuveitunnar og Strætó um nýtingu á metani.

Framkvæmdastjóri greinir frá fundum með framkvæmdastjóra Strætó og forstjóra Orkuveitunnar um hugsanlegt samstarfs þessara aðila um nýtingu metans í almenningssamgöngum. Jafnframt lagt fram minnisblað Lögmannsstofunnar Mörkin um málefnið. Málið rætt. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu.

4. Úthlutun lóðar fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi

Lagt fram bréf Reykjavíkurborgar um úthlutun lóðar fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi.

5. Starfsreglur/siðareglur og sjálfsmat stjórnar

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri greina frá undirbúningi á sjálfsmati stjórnar en slíkt sjálfsmat er hluti af góðum stjórnarháttum og hefur innri endurskoðun bent á nauðsyn slíkrar skoðunar sem og mati stjórnar á störfum framkvæmdastjóra. Einar Thor Bjarnason og Kristján Einarsson frá Intellecta kynntu verklag og undirbúning slíkrar skoðunar. Stjórn samþykkir tillögu Intellecta að verkefninu.

6. Niðurstöður úr rannsókn á böggum sem urðaðir eru í Álfsnesi

Yfirverkfræðingur kynnir og fer yfir niðurstöður rannsóknar Recource International á innihaldi sorpbagga sem urðaðir eru í Álfsnesi. Stjórn þykir ástæða til að hvetja fyrirtæki og stofnanir til betri flokkunar á endurvinnsluefni eins og pappír og plasti.

7. Fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna frá 10. janúar sl.

Lögð fram fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna frá 10. janúar sl. Jafnframt kynnt drög að viljayfirlýsingu um samstarf/sameiningu. Málið rætt. Stjórn felur formanni að ganga frá viljayfirlýsingunni fyrir hönd SORPU bs.

8. Bréf Samkeppniseftirlitsins.

Lagt fram bréf Samkeppniseftirlitsins frá 15. desember 2017 og svar lögmanns SORPU bs. dagsett 9. janúar 2018

9. Niðurstaða í útboði Reykjavíkurborgar á ytri endurskoðun samstæðu Reykjavíkurborgar

Kynnt niðurstaða útboðs Reykjavíkurborgar á ytri endurskoðun samstæðu Reykjavíkurborgar

10. Samningur við Sorpstöð Suðurlands bs. um móttöku úrgangs

Lagður fram samningur SORPU og Sorpstöðvar Suðurlands bs. um móttöku úrgangs af suðurlandi sem gildir til 31. janúar 2018. Stjórn staðfestir samninginn.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 16. febrúar kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:20.

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Halldór Arnar Svansson
Guðrún E. Jóhannesdóttir
Hlúta þorsteinn
Rannsóknir
Sigrún E. Jónsdóttir
Höfnun
Bjarni Hjort